

## 45 ára afmæli Betadeildar 2022

### Viðurkenning til Helgu Hauksdóttur fyrir framlag hennar til nýbúafræðslu og málefna tvítyngdra barna

Kæra Helga vertu hjartanlega velkomin. Mig langar að byrja á að segja þér aðeins frá samtökunum okkar.

Delta, Kappa, Gamma, eru alþjóðasamtök kvenna í fræðslustörfum. Ísland hefur átt aðild að samtökunum síðan 1975 en deildin okkar, Betadeild, heldur núna upp á fjörutíu og fimm ára afmæli sitt sem var reyndar í fyrra en frestaðist út af sotlu. Á afmælistímamótum höfum við heiðrað konu sem hefur unnið framúrskarandi og markverð störf í þágu barna og/eða menntamála. Með þessu vill Betadeild vekja athygli á konum sem vinna að mikilvægum störfum í þágu menntunar. Þær eru misjafnlega áberandi og margar vinna verk sín í hljóði. Í dag heiðrum við þig en í gegnum ævistarf þitt hefur þú lagt þinn skerf að mörkum í þágu erlendra nemenda og menntamála.

Þér til fróðleiks vil ég segja aðeins frá þessari venju Betadeildar að heiðra konu á fræðasviði á fimm ára fresti.

En það var árið 1997 sem deildin heiðraði fyrstu konuna sem var Kristín Aðalsteinsdóttir, árið 2002 var það Magnea frá Kleifum og á 30 ára afmælinu 2007 var Heiðdís Norðfjörð heiðruð fyrir framlag sitt til barnamenningar á Íslandi, 2012 var Rósa Eggertsdóttir heiðruð fyrir framlag sitt til lestrarkennslu á Íslandi og 2017 var Sigrún Sveinbjörnsdóttir heiðruð fyrir frumkvöðlastarf sem snýr að velferð barna og ungmenna.

Það var því komið að því að finna álitlega konu til að heiðra og komu mörg nöfn upp, en þitt varð fyrir valinu; ekki síst af því að það málefni sem þú hefur lagt svo mikla alúð við er mjög aktuelt í dag, ef ég má nota það orð.

-----

Ég spjallaði aðeins við Helgu til að fá betri mynd af störfum hennar í þágu nýbúa og vinnu að málefnum tvítyngdra barna en Helgu hefur tekist vel að byggja upp og þróa það verklag sem er við grunnskólana í dag. Á meðan hún hefur verið að því hefur erlendum börnum í grunnskólum á Akureyri fjölgað mikið og því allt breytingum háð sem hún hefur verið að vinna að.

Það var um síðustu aldamót að Akureyrarbær tók ákvörðun um svokallaðar móttökudeildir í mismunandi grunnskólum, í Lundarskóla var deild fyrir heyrnarskerta, í Giljaskóla fyrir fatlaða, í Síðuskóla fyrir einhverfa og í Oddeyrarskóla var móttökudeild fyrir nýbúa; þá var einn erlendur nemandi þar. Á þessum tíma var Helga orðin skólastjóri í Oddeyrarskóla og tók við þessu verkefni og sinnti því að mikilli alúð eins og öllum verkefnum sem hún tekur að sér.

Með móttökudeild var hugmyndin að nemendur fengju aðlögun í 1 – 2 ár og færu svo í sína heimaskóla, en svo varð ekki raunin með móttökudeildina fyrir nýbúa, þeir fóru bara ekki og eru ýmsar ástæður fyrir því. Þessari deild stjórnaði Helga meðfram skólastjórastarfinu þar til ákveðið var að leggja móttökudeildina niður árið 2012. Eftir það fóru allir erlendir nemendur beint í sína heimaskóla og þar átti að sinna því sama og gert var í nýbúadeildinni. Áhugi Helgu á þessum málum hafði vaknað og hafði hún unnið ötullega að hugmyndum um framhaldið sem varð til þess að ákveðið var að ráða sérstakan kennsluráðgjafa í þessum efnum til Akureyrarbæjar, eða kennsluráðgjafa fyrir erlenda nemendur. Þetta starf sótti Helga um og fékk; enda fáir á þessum tíma jafn hæfir til að gegna því.

Helga fékk tækifæri til að þróa þetta starf en á þessum tíma voru tiltölulega fáir nemendur sem segja má að séu nýbúar á Akureyri og þeir dreifðir í skóla bæjarins en eins og ég sagði áðan þá hefur þeim fjölgað mikið á allra síðustu árum og því hefur sýnt sig að það sem Helga hefur verið að gera í sínu starfi kemur sannarlega til góða núna.

En hvað felst í starfi kennsluráðgjafa fyrir erlenda nemendur? Fyrst og fremst átti þetta að vera ráðgjöf til kennara um kennslu erlendra barna sem komu til landsins og hófu skólagöngu í íslenskum skóla. En Helga stóð frammi fyrir því að þessir nemendur þurftu talsverða aðstoð og kennararnir góða ráðgjöf. Hún tók því það ráð að fara á milli skólanna og kenna nemendunum og vinna um leið með kennurunum þeirra fyrstu mánuði nemendanna í skólanum. Hún var ekki bara að kenna þeim íslensku heldur ekki síður að kynna fyrir þeim og fjölskyldum þeirra íslenskt samfélag og skólakerfi. Eins og alltaf þegar eitthvað nýtt kemur inn þá vantar okkur kennarana nýtt námsefni. Nú, Helga reddaði því, hún bjó það bara til. Ekki nóg með það heldur sá hún til þess að ýmsar upplýsingar sem hún taldi að fjölskyldur sem voru nýfluttar til bæjarins þyrftu á að halda voru þýddar á nokkur tungumál. Að mati Helgu er mikilvægt að vel sé tekið á móti börnunum og strax farið að kenna þeim íslensk orð yfir algengustu

hlutina og það sem þau koma mest til með að nota til að byrja með. Hún hefur meira að segja gengið það langt að hún hefur kennt börnum og um leið fjölskyldum þeirra heima hjá þeim daglega í heilan mánuð.

2016 komu nokkrar flóttamanna-fjölskyldur frá Sírlandi. Helga var ein af þeim sem sá um móttöku þeirra, hún sá m.a. um að taka á móti börnunum og kenna þeim. Á meðan á því stóð myndaðist skemmtilegt samfélag í kringum kennslu barnanna sem hún sá um og fjölskyldna þeirra. Síðan komu stakar fjölskyldur og fylgdi hún þeim í þeirra skóla í heilan mánuð.

Síðast en ekki síst vil ég nefna heimasíðu sem Helga gerði í starfi sínu sem heitir „<http://erlendir.akmennt.is>“. Á bak við hana liggur greinilega gríðarlega mikil vinna og veit ég að hún lagði nótt við dag að koma henni á laggirnar svo hún nýttist sem best. Þar er að finna námsefni og ábendingar til kennara um námsefni. Þar eru upplýsingar til kennara, foreldra og barna á nokkrum tungumálum og þannig mætti lengi telja. Ýmsar tölulegar upplýsingar, próf, kannanir og fleira. Kennarar sem hafa notað þessa síðu segja mér að það hafi verið alveg ómetanlegt að hafa aðgang að síðunni og Helgu þegar þeir voru að fóta sig í kennslu erlendra nemenda, enda var síðan mjög virk og Helga hafði nóg að gera.

Hvað leikskólana snertir þá hefur hún fyrst og fremst verið með ráðgjöf til kennaranna þar. Framhaldsskólarnir eru á hendi ríkisins þannig að hún hefur ekki komið að nemendum á því stigi. En hún fylgist með sínu fólki og gleðst með nemendum sem hafa farið í framhaldsnám og lokið því, en brottfall þessara nemenda úr framhaldsskólunum er því miður áhyggjuefni. En eins og Helga benti mér á þá megum við ekki gleyma því að það eru metnaðarfullir nemendur í þessum hópi líka sem leggja allt í sölurnar fyrir framhaldsnám og tekst að ljúka því. Margir þessara nemenda hefðu ekki fengið þetta tækifæri í sínu heimalandi og kunna að meta það að fá að vera í námi hér.

Starfið sem hún var í hefur breyst mikið með tilkomu mun fleiri erlendar barna í grunnskólana. Kennarar eru orðnir mun meðvitaðri og kunna meira en áður í þessum efnum. Þörfin fyrir heimasíðuna sem hún bjó til er ekki eins mikil en þar er samt enn gott efni.

Núna er staðan í grunnskólum bæjarins orðin þannig að í hverjum grunnskólaskóla er sérstakur verkefnastjóri um málefni erlendra nemenda. Það sýnir okkur að Helgu hefur tekist að koma því á framfæri hve mikilvægt er að hlúa að þessum börnum og fjölskyldum þeirra. Auk þess sem hverjum skóla er

úthlutað tímamagni með erlendum nemendum. Þetta hljóta að vera gríðarlega stór skref.

Í dag tel ég að Akureyrarbær hafi verið mjög heppinn að hafa verið kominn þetta langt í málefnum erlendra nemenda sem eru að hefja skólagöngu í nýju landi þegar fjölgunin varð eins og raun ber vitni, allt fyrir tilstilli Helgu.

-----

En hver er þessi kona?

Helga Hauksdóttir er fædd 1959 á Akureyri þar sem hún ólst upp. Eftir kennarapróf frá Kennaraháskóla Íslands 1982 hóf hún kennslu við Húsbakkaskóla sem þá var heimavistarskóli fyrir börn 10 ára og eldri. Það leið ekki á löngu þar til hún var orðin skólastjóri þar. Hún gegndi því starfi til 1996 þegar hún gerðist aðstoðarskólastjóri í Oddeyrarskóla og ekki leið á löngu þar til hún varð skólastjóri þar.

Það geislar af þessari konu þegar hún talar um skólamála, hún brennur fyrir því sem hún er að gera, það er allt skemmtilegt. Eða kannski tekur hún bara ekki að sér leiðinleg verkefni. Hún framkvæmir hugmyndir sínar eða hugmyndir annarra sem henni líst vel á. Þar er hægt að nefna ótal dæmi.

-----

Hvað segir fyrrverandi samstarfsfólk hennar um hana? Setningar eins og þessar heyrði ég:

- Það er ekkert ómögulegt í hennar augum
- Ekkert hálfkák í verkefnum sem hún tekur að sér
- Hún er mikil keppnismanneskja sem lætur ekki deigan síga þó á móti blási, hún klárar verkefnið
- Sér alltaf jákvæðu og björtu hliðarnar á öllu
- Ég held að henni finnist allt skemmtilegt
- Það var einhvern veginn þannig að allir voru tilbúnir að gera það sem hún stakk upp á
- Alltaf jákvæð og glaðleg
- Mikill faglegur leiðtogi
- Frábær yfirmanneskja

Sjálf segir hún:

- Ég hef alltaf unnið með svo frábæru fólki

- Foreldrasamtarf gekk yfirleitt vel engin mjög erfið mál sem ég þurfti að leysa í þeim efnum

Þegar Helga var skólastjóri í Oddeyrarskóla þá áttaði maður sig á að þar var jákvæðasta starfsfólkið, af hverju skyldi það vera eftir að hafa heyrt þessa upptalningu?

-----

Kæra Helga, ég gæti sagt miklu meira um þig en ég ætla að stoppa hér og ég bið þig að þiggja af okkur svolítinn virðingavott fyrir þín störf.